

# Samstarfssamningur um rekstur sameiginlegrar

## þjónustuskrifstofu SIGL

Breytingar samþykktar á aðalfundi SIGL 3. Febrúar 2012

1.

Samningur þessi er á milli Félags geislafræðinga, Iðjuþjálfafélags Íslands, Félags lífeindafræðinga og Stéttarfélags sjúkraþjálfara, hér eftir nefnd stéttarfélögin. Aðsetur þjónustuskrifstofunnar er að Borgartúni 6, 105 Reykjavík

2.

Á þjónustuskrifstofunni skulu eftirtalin verkefni unnin:

- halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- færa bókhald fyrir sjóði stéttarfélaganna og þjónustuskrifstofunnar.
- annast skráningu nýrra félagsmanna, viðhalda félagaskrá og senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- annast greiðslur/millifærslur úr sjóðum stéttarfélaganna eftir nánara samkomulagi við gjaldkera viðkomandi sjóðsstjórna.
- annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun fyrir stéttarfélögin.
- annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila s.s. stjórnir og nefndir stéttarfélaganna, BHM, DK, Arionbanka og Advania allt eftir þörfum og eðli mála.
- annast útgáfu og útsendingu fréttabréfa, allt að tvö á ári, tilkynninga og fundarboða fyrir stéttarfélögin.
- aðstoða einstaka félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og samninganefndum stéttarfélaganna við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.

Verkefni skulu skilgreind og unnin í samráði við stjórnir og nefndir viðkomandi stéttarféлага og starfsmanna þjónustuskrifstofunnar.

3.

Önnur verkefni en þau sem talin eru upp í lið 2 skulu unnin að beiðni stjórnar viðkomandi félags og skal halda um þau sérstakt verkbókhald.

4.

Reikningsár þjónustuskrifstofunnar er almanaksárið. Hún skal hafa sjálfstæðan fjárhag og kennitölu. Reikningar skulu skoðaðir af gjaldkerum og/eða skoðunarmönnum félaganna.

5.

Stjórn þjónustuskrifstofunnar skal skipuð formönnum félaganna eða fulltrúa sem viðkomandi formaður tilnefnir fyrir sína hönd. Stjórnin skal koma saman svo oft sem þurfa þykir. Stjórnarfundir skal halda ef einn stjórnarmaður óskar þess.

Félögin skipta með sér formennsku stjórnar og skal formaður sitja eitt ár í senn. Félag lífeindafræðinga skal skipa formann fram að ársfundi 2013 en síðan í stafrófsröð félaganna.

6.

Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði á stjórnarfundum. Mál teljast samþykkt ef þau fá atkvæði meirihluta stjórnarmanna nema annað sé ákveðið í samningi þessum.

7.

Á ársfundi stjórnar í febrúar ár hvert skal eftirfarandi tekið til afgreiðslu:

- samþykkt reikninga þjónustuskrifstofunnar fyrir liðið fjárhagsár
- samþykkt fjárhagsáætlunar og kostnaðarskiptingar fyrir yfirstandandi ár
- samþykkt starfsáætlunar fyrir yfirstandandi ár
- formannsskipti
- önnur mál

Að öðru leyti sér stjórn um ráðningu og uppsögn starfsmanna þjónustuskrifstofunnar, veitingu prókúru, um samninga þjónustuskrifstofunnar við þriðja aðila og önnur mál sem varða rekstur hennar.

8.

Formaður stjórnar hefur með höndum eftirfarandi verkefni:

- að boða stjórnarfundum
- að stýra stjórnarfundum
- að taka ákvaðarnir sem ekki þola bið en þarfnast samþykkis stjórnar

Ákvarðanir sem formaður tekur samkvæmt þessari grein skulu teknar að höfðu samráði við aðra stjórnarmenn að svo miklu leyti sem unnt er og bera undir samþykki stjórnar á stjórnarfundum sem haldinn skal innan þriggja vikna.

9.

Félögin greiða til þjónustuskrifstofunnar með eftirfarandi hætti:

- hvert félag greiðir jafnan hlut í stofnkostnaði þjónustuskrifstofunnar.
- hvert félag greiðir fast gjald kr. 100.000.- á ári til reksturs þjónustuskrifstofunnar sem greiðist í tvennu lagi.
- annar kostnaður skrifstofunnar greiðist af félögunum jafnt miðað við fjölda félagsmanna um síðastliðin áramót
- kostnaður vegna verkefna skv. grein 3 skal greiddur af viðkomandi félagi eða sjóði þess skv. verðskrá sem stjórn þjónustuskrifstofunnar hefur samþykkt.

Stofnkostnaður samkvæmt grein þessari telst kostnaður við húsgögn, tölvur, síma, fax og annan nauðsynlegan skrifstofubúnað ásamt uppsetningu hans á fyrsta starfsári þjónustuskrifstofunnar.

10.

Skiptingu rekstrarkostnaður skv. gr. 9 skal endurskoða árlega með tilliti til hlutfallslegs fjölda félagsmanna í félögunum og afkomu félagssjóða þeirra.

11.

Önnur félög geta gerst aðilar að samningi þessum með samþykki allra stjórnarmanna enda eigi þau aðild að Bandalagi háskólamanna og greiði til þjónustuskrifstofunnar jafnháan hlut og félögin greiddu í stofnkostnað miðað við vísitölu neysluverðs.

12.

Hvert félag getur sagt upp þessum samningi fyrir sitt leyti. Skrifleg uppsögn verður þó að berast fyrir 1.október og tekur þá gildi frá og með 1.janúar árið eftir.

Félagið sem gengur úr samstarfinu með þessum hætti á ekki frekari kröfur á önnur félög í samstarfinu né tilkall til eigna þjónustuskrifstofunnar.

13.

Stjórn getur slitið þessum samningi ef meirihluti stjórnarmanna samþykkir. Þá skal rekstri hætt með eðlilegum fyrirvara um skuldbindingar þjónustuskrifstofunnar við aðra aðila og andvirði eigna og/eða skulda skipt jafnt milli félaganna.

14.

Samningi þessum má breyta á stjórnarfundi enda séu allir stjórnarmenn því samþykkir.

Reykjavík, 27. febrúar 2012

F.h. stjórnar Stéttarfélags sjúkraþjálfra

Kristín E. Hólmgeirsdóttir

F.h. stjórnar Iðjuþjálfafélags Íslands

Júliana H. Áspelund

F.h. stjórnar Félags geislafræðinga

Katrín Sigurdard.

F.h. stjórnar Félags lífeindafræðinga

Anna G. Eiríksson